



## **Auglýsing um skipulagsmál – Skagafjörður**

### **Íbúðabyggð á Steinsstöðum í Skagafirði - Skipulagslýsing**

Byggðarráð Skagafjarðar samþykkti á 6. fundi sínum þann 13. júlí 2022 að auglýsa skipulagslýsingu fyrir gerð deiliskipulags íbúðabyggðar á Steinsstöðum í Skagafirði skv. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Framlögð skipulagslýsing fyrir deiliskipulag íbúðabyggðar á Steinsstöðum í Skagafirði unnin af Stoð ehf. verkfræðistofu. Skipulagssvæðið nær yfir 3,8 ha svæði sem afmarkast af landamerkjum Steinsstaða og Reykja að norðan, Steinsstaðarskóla og félagsheimilinu Árgarði að vestan, Merkigarðsvegi (7575) að austan og hnitsettum landamerkjum að sunnan. Innan skipulagssvæðisins er íbúðarbyggð sem samanstendur af einbýlishúsum auk grænna svæða.

Skipulagslýsingin er auglýst frá 20. júlí til og með 24. ágúst 2022. Skipulagslýsingin mun liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma frá 10-12 og 12:30-15 og á heimasíðu Skagafjarðar [www.skagafjordur.is](http://www.skagafjordur.is). Ábendingar varðandi tillögugerðina skulu vera skriflegar og berast afgreiðslu ráðhússins, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkróki eða á netfangið [skipulagsfulltrui@skagafjordur.is](mailto:skipulagsfulltrui@skagafjordur.is) í síðasta lagi 24. ágúst 2022.